



**Frumvarp til laga um breytingu á almennum
hegningarlögum – 114. mál (refsiábyrgð lögaðila).**

*Alþingi
Erindi nr. P 123/187
komudagur 19.11.1998*

**Frumvarp til laga um breytingum á almennum
hegningarlögum nr. 19/1940 – 115. mál
(mútur til opinbers starfsmanns).**

**Frumvarp til laga um refsiábyrgð lögaðila vegna
mútugreiðslu til opinbers starfsmanns – 116. mál.**

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um framangreind frumvörp.

Það er álit nefndarinnar að óhentugt sé að hafa sérstök lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns. Að mati nefndarinnar er nærtækara að ákvæði þessa frumvarps verði gert að 3. mgr. 109. gr. almenns hegningarlaganna nr. 19/1940 svo refsiheimildin vegna mútugreiðslu sé á sama stað, bæði að því er varðar einstaklinga og lögaðila. Í öllu falli er ljóst að setja verður tilvísun milli þessara tveggja frumvarpa svo löggjöfin sé aðgengilegri hvað þetta varðar.

Að því er varðar frumvarp til laga um breytingu á almennu hegningarlögunum um refsiábyrgð lögaðila gerir nefndin þá athugasemd að ekki fæst séð að grein 19.a. hafi sjálfstætt gildi, þar sem í henni er vísað til sérrefsiheimilda. Breytingarfrumvarp þetta varðar fyrst og fremst refsiábyrgð lögaðila og því er spurning hvort rétta sé að nota hugtakið “framfærsluskyldu” í 2. gr.

Virðingarfyllt
f.h. laganefndar L.M.F.Í.

Marteinn Másson, framkv.stj.